

# Ársskýrsla 2003



**SPARISJÓÐUR  
VESTMANNAEYJA**



Á spjalli og í fréttaleit í Verkamannaskýlinu á Básaskersbryggju í febrúar 1963. Frá vinstri á myndinni eru Eiríkur Jónsson í Skýlinu, Páll "krati" Þorbjörnsson, Pétur "pól" Stefánsson og Ágúst Bjarnason frá Svalbarða, allt þekktir borgarar í Eyjum á sinni tíð.



Myndin er tekin í mars 1961 en á þeim árum komu hingað til Eyja fjöldi báta frá Austfjörðum sem voru gerðir út héðan á vertíðinni. Hér má sjá einn þeirra sem ávallt var í röð aflahæstu báta á vetrarvertíðum í Eyjum. Á myndinni má m.a. þekkja frá vinstri; Einar í Ísfélaginu, Jón Ingvarsson, baksvipinn á Sigurði Auðunssyni verkstjóra, Magnús Magnússon í Veiðarfæragerðinni, Runólf Gíslason frá Hvanneyri og Torfa Haraldsson. Í brúarglugganum er Bóas Emilsson skipstjóri. Ungu mennirnir á myndinni eru Gísli Gíslason og Runólfur Gíslason frá Hvanneyri.



Myndin er tekin árið 1967 og sýnir biðröð við afgreiðslu Mjólkursamsölnunnar, en þetta gerðist oft þegar ótíð var og erfitt um samgöngur. Til vinstri er húsið Skuld sem höfundur myndarinnar, Sigurgeir Jónasson eyddi hluta sinna æskuára. Í austur hluta húss Mjólkursamsölnunnar, Vestmannabraut 38 var afgreiðsla Sparisjóðs Vestmannaeyja frá apríl 1958 til ársins 1962 þegar flutt var í núverandi húsnæði.



VESTMANNAEYJA

#### Stjórn

Þór Í. Vilhjálmsson, formaður  
Arnar Sigurmundsson, varaformaður  
Gísli G. Guðlaugsson  
Ragnar Óskarsson  
Skæringur Georgsson

#### Sparisjóðsstjóri

Ólafur Elísson

#### Aðstoðarsparisjóðsstjóri

Ólöf Jóna Þórarinsdóttir

#### Forstöðumaður verðbréfavíðskipta

Hlynur Sigmarsson

#### Forstöðumaður á Selfossi

Pétur Hjaltason

#### Endurskoðun

Deloitte hf.

## EFNISYFIRLIT

#### Ársskýrsla Sparisjóðsins

Helstu þættir úr ræðu stjórnarformanns	4
Lykiltölur úr ársreikningi	9

#### Ársreikningur 2003

Skýrsla stjórnar og áritanir stjórnar og endurskoðenda	10
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Sjóðstreymi	14
Skýringar	15

#### Myndir

Myndir á bls. 1-3 og 22-23: Sigurgeir Jónasson  
Aðrar myndir: Úr myndasafni Frétta og Sparisjóðsins

Uppsetning og prentvinnsla: Eyjasýn ehf. / Eyjaprent



# ÁRSSKÝRSLA

## SPARISJÓÐS VESTMANNAEYJA 2003

### EFNAHAGSUMHVERFIÐ

Stöðugleiki einkennið efnahagsþróun á Íslandi árið 2003 en árið var þó á margan hátt viðburðarríkt, sér í lagi fyrir fjármálafyrirtæki. Að baki liggur ágætt jafnvægi í þjóðarþúskaðum og uppörvandi horfur. Verðbólga var lítil, krónan hélst sterk og vaxtastigið jafnt. Á síðasta ári var halli á vöruskiptum við útlönd og benda tölur til að hann hafi verið um 16 milljarðar sem verður að teljast mikil umskipti frá árinu 2002 þegar vöruskiptin voru jákvæð um 13 milljarða. Umskiptin liggja í auknum innflutningi samfara minni útlutningi. Innflutningur fjárfestingavara vegna virkjunarframkvæmda hefur mikil áhrif og þá hefur innflutningur neysluvara aukist umtalsvert. Einkaneysla er rúmur helmingur þjóðarútgjalda og er áætlaður vöxtur hennar yfir 7% frá fyrra ári helsta skýring aukins hagvaxtar að undanförmu.

Hagvöxtur er áætlaður um 4,0% sem er töluverð hækkun frá árinu 2002 en þá var hann neikvæður um 0,6%. Hagvaxtarhorfur til lengri tíma eru góðar. Áætlanir sýna áframhaldandi aukningu hagvaxtar á næstu misserum og að aukningin verði að meðaltali yfir 3% á ári.

Meðalatvinnuleysi á árinu 2003 var 3,4% en var 2,5% á árinu 2002 eftir að hafa verið um 1,4% tvö árin þar á undan. Farið er að bera á auknu atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu en áður var atvinnuleysið mest á landsbyggðinni

Verðbólga hækkadi lítillega á árinu en var í samræmi við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands. Frá upphafi til loka ársins 2003 mældist verðbólgan 2,7% en var 2,0% árið 2002. Launavísitalan var að meðaltali 5,6% hærrí árið 2003 en árið áður. Kaupmáttur launa var því 3,4% hærrí að meðaltali árið 2003 en árið áður miðað við sambærilega breytingu á vísitölu neysluverðs.

Íslenska krónan hélt áfram að styrkjast á árinu 2003 um 1,2%. Í upphafi árs var gengisvísitalan í 125,0 en í lok árs var hún 123,4. Gengisvísitalan fór lægst í 118,3 stig í maímánuði en varð hæst 128,9 í ágúst. Síðan þá hefur krónan styrkst jafnt og þétt og flókt hefur verið í minnsta lagi. Gengi evru hækkadi um 21% á árinu gagnvart bandaríkjadóllar. Þannig styrktist krónan um 13% gagnvart bandaríkjadóllar en veiktist hins vegar um tæp 6% gagnvart evru. Þessi þróun hefur dregið verulega úr tekjum fiskvinnslunnar og getur haft áhrif í ferðaþjónustu, en hefur jákvæð áhrif á verðlagsþróun vegna lækkandi innflutningsverðs.

Seðlabanki Íslands lækkadi stýrivexti og vexti í endurhverfum viðskiptum um 0,5 prósentustig í febrúarmánuði, úr 5,8% í 5,3%. Vaxtalækkunarferli Seðlabankans lauk þá því þetta var eina vaxtabreyting bankans á árinu. Nokkrar líkur eru á að vextir fari hækkandi þegar liður á árið 2004 en það veltur allt á þróun efnahagsmála.

Útlánavextir banka og sparisjóða lækkuðu einnig á árinu 2003. Sem dæmi lækkuðu kjörvextir á óverðtryggðum lánum um 0,9 prósentustig og voru 8,5% í lok ársins. Kjörvextir verðtryggðra skuldabréfa lækkuðu um 1,15

prósentustig og voru 6,15% í lok ársins.

Allt frá því að fjármagnsflutningar við útlönd voru gefnir frjálssir árið 1995 hefur fjármagn streymt inn í landið með erlendum lántökum fyrirtækja. Erlendar skuldir þjóðarinnar hafa vaxið verulega frá sama tíma og voru um 1.045 milljarðar í september 2003, frá árinu 2000 hafa erlendar skuldir tæplega tvöfaldast. Útlán til atvinnufyrirtækja hafa einnig vaxið verulega. Tæplega 90% af erlendum lánum eru á breytilegum vöxtum, því myndi 1% hækkun erlendra vaxta auka erlend vaxtagjöld um 9 milljarða miðað við núverandi skuldastöðu. Til að setja tölur í samhengi nam aflaverðmæti alls sjávarfangs við strendur Íslands um 77 milljörðum króna árið 2002.

Árið 2003 verður í minnum haft fyrir mikla hækkun hlutabréfaverðs, umskipti í eignarhaldi skráðra fyrirtækja og metveltu á bæði hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði. Viðskipti í Kauphöll Íslands námu á árinu 2003 samtals 1.577 milljörðum króna borið saman við 1.133 milljarða árið áður og höfðu þá aukist mikið frá árinu 2001. Veltuaukningin svarar til 39%. Viðskipti með hlutabréf jukust um 72% og velta skuldabréfa jókst um 26%. Markaðsvirði Kauphallarfyrirtækja nam um 659 milljörðum króna í árslok 2003 samanborið við 528 milljarða króna í lok ársins á undan. Markaðsvirðið jókst verulega eða um 25%, þrátt fyrir umtalsverða fækkun skráðra fyrirtækja. Fyrstu hlutabréfaviðskiptin á markaði áttu sér stað fyrir aðeins rétt rúmum áratug.

Metvelta var á skuldabréfamarkaði á árinu 2003, sérstaklega með húsbréf og námu viðskiptin 1.024 milljörðum króna. Ávöxtun húsbréfa var góð á árinu 2003, húsbréfavísitala Kauphallarinnar hækkadi um 13,4%. Ávöxtunarkrafa húsbréfa, húsnæðisbréfa og ríkisskuldabréfa lækkaði umtalsvert á árinu. Á síðasta degi ársins 2003 barst tilkynning frá félagsmálaráðherra þar sem m.a. kemur fram að stefnt er að breytingum á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs 1. júlí 2004. Líklegt er að í stað núverandi hús- og húsnæðisbréfa verði gefin út verðtryggð jafngreiðslubréf, svokölluð íbúðabréf, þannig að um verði að ræða skuldabréfaform sem algengt er erlendis. Einnig er gert ráð fyrir að flokkar íbúðabréfanna verði fáir þannig að þeir nái stærð sem geri þá markaðshæfa gagnvart erlendum fagfjárfestum. Hlutdeild hús- og húsnæðisbréfa í veltunni var 63% en hlutdeild þeirra í markaðsvirði skuldabréfa og vixla í árslok var 53%

Árið 2003 var sérstaklega gott á íslenska hlutafjármarkaðnum. Í lok ársins stóð úrvals vísitala aðallista í 2.114,3 stigum og hafði hækkað um 56% á árinu, sem er mesta hækkun vísitölnunnar á einu ári frá upphafi. Fyrst og fremst voru það stærstu fyrirtækin í Kauphöllinni sem leiddu hækkun markaðarsins en heildarvísitala aðallista hækkadi um 44% á árinu. Allar atvinnugreina vísitölur hækkuðu að vísitölu sjávarútvegs undanskilinni. Mest hækkadi vísitala lyfjagreinar eða um 174%. Skráðum félögum fækkaði úr 64 í 48 á árinu. Tvö félög voru skráð á árinu í Kauphöllinni en 18 afskráð. Félög í lok ársins voru



48 talsins. Kauphallaraðilar voru 18 í lok ársins, þar af einn erlendur.

Á árinu var gegnið frá sölu ríkisbankanna til einkaaðila og tók markaðurinn nýjum eigendum vel. Í Kauphöllinni hækkaði gengi viðskiptabankanna mikið á árinu 2003. Vísitala fjármála- og tryggingafélaga hækkaði um 54%. Samrunaþróun á bankamarkað hefur haldið áfram og útrás erlendis aukist og hafa ýmis konar nýjungar og breytingar verið áberandi hjá bönkunum.

## ÁVÖXTUN INNLÁNSREIKNINGA

Ávöxtun sparireikninga Sparisjóðs Vestmannaeyja var góð á árinu. Af sérkjarreikningum sem bundnir eru til nokkurra ára skilaði Lífeyrisreikningur sparisjóðanna 9,2% nafnávöxtun sem jafngildir 6,3% raunávöxtun, en reikningurinn er bundinn samkvæmt reglum um viðbótarlífeyrissparnað. Nafnávöxtun Bakhjarls var á bilinu 7,2% til 7,9% sem jafngildir 4,4% til 5,0% raunávöxtun, en reikningurinn er bundinn í 36, 48 eða 60 mánuði. Nafnávöxtun á Trompreikningum var 0,5% til 5,5% en reikningurinn er bundinn í 0 til 60 mánuði. Nafnávöxtun á Peningamarkaðsreikningi var 4,7% til 5,2% og á Vaxtaveltu var nafnávöxtunin 5,2%.

## MARKAÐSMÁL OG ÞJÓNUSTA

Á árinu 2003 var megináherslan að viðhalda og endurbæta þá þjónustuþætti sem standa viðskiptavinunum til boða. Sparisjóðirnir hafa leitast við að veita góða og persónulega þjónustu og hefur það fjallið í góðan jarðveg því fjórða árið í röð voru viðskiptavinir sparisjóðanna ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja á Íslandi, samkvæmt niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar 2003. Um miðjan mars 2004 var aftur birt niðurstaða ánægjuvogarinnar og í fimmta skiptið urðu sparisjóðirnir hlutaskarpastir allra fjármálafyrirtækja. Þetta er einstakur árangur.

Á árinu var aukin þjónusta við yngstu kynslóðina en Sparisjóðurinn leggur mikið upp úr að gera vel við þann aldurshóp. Nýr klúbbur "Speki" ætlaður krökkum á aldrinum 8-11 ára var settur á laggirnar. Heimasíða var opnuð undir nafni klúbbsins þar sem krakkar geta nálgast ýmsan fróðleik um heima og geima og tekið þátt í ýmsum leikjum og samkeppnum. S.l. sumar fengu Krónu- og Spekifélagar myndavélar að gjöf og gátu tekið þátt í ljósmyndasamkeppni, en mikil þátttaka var í keppninni. Í haust gátu félagar barnaklúbbanna tekið þátt í leik á netinu



Að vanda var Sparisjóðsdagurinn í byrjun júlí og þótti dagurinn heppnast í alla staði mjög vel.

eða sent okkur póstkort þar sem í boði voru miðar á leikritið um Línu langsock í Borgarleikhúsinu. Desembergjöf yngstu kynslóðarinnar var síðan flíshúfa sem vakti mikla hrifningu.

Námsmannaþjónusta sparisjóðanna var kynnt á haustdögum af miklum krafti. Námsmönnum var boðin nýjung á Íslandi, ISIC-námsmannakreditkort. Kortið er hefðbundið kreditkort, alþjóðlegt og íslenskt skólaskírteini með alls kyns fríðindi. Einnig er hægt að fá ISIC Plúskort, sem er fyrirframgreitt kreditkort sem sameinar kosti debet- og kreditkorts. Námsmönnum standa einnig til boða hagstæð fölvukaupalán.

Sparisjóðnum er umhugað um viðskiptavinum sína og einn liður í því er að fræða unga viðskiptavinum um fjármál og vísa þeim á örugga braut í fjármálum. Sparisjóðurinn er alltaf boðinn og búinn til að taka á móti hópum skólanema sé þess óskað. Slíkar heimsóknir hafa mælst vel fyrir hjá báðum aðilum þegar þær hafa átt sér stað.

Sparisjóðurinn kom að fræðslunámskeiðum fyrir atvinnulausa í samráði við stéttafélögin í bænum og var sú fræðsla vel heppnuð og kemur vonandi að góðum notum.

Nú býður Sparisjóðurinn upp á námskeið til að kynna Heimabankann sem viðskiptavinir geta nýtt sér til hægðarauka. Þessi námskeið eru í samstarfi við VISKU - Fræðslu og símenntunarstöð.

Til að fylgja eftir þeirri stefnu að leggja rækt við ungt fólk sendir Sparisjóðurinn öllum, sem verða 18 ára í hverjum mánuði sérstaka Fjármálahandbók. Aðalmarkmið með útgáfunni er að fræða þá sem verða fjáráða um breytingar sem eiga sér stað varðandi fjármálin á þessum tímamótum. Sparisjóðurinn hefur leitast við að áreita ekki börn í grunnskólum og ófjárráða unglunga með gilliboðum.

Þó að lögð sé mikil áhersla á að ná til yngri hópanna gleymir Sparisjóðurinn ekki sínum traustustu viðskiptavinum og sendir sína árlegu jólagjöf til þeirra sem eru í Gulldebet- og Gullaráþjónustunni.

Viðbótarlífeyrissparnaður og persónutryggingar eru að verða fyrirferðameiri í þjónustuframboði banka og sparisjóða. Á næstu árum verður enn aukin áhersla á þessa þætti sem leiða til aukinnar persónuverndar þeirra sem nýta sér þessa þjónustu. Á móti verður minni áhersla á persónuábyrgðir frá þriðja aðila við útlán og hverfur hjá þeim sem verða betur tryggðir og koma vel út í greiðslumati.

Að vanda var Sparisjóðsdagurinn í byrjun júlí. Síðustu árin hefur hann verið haldinn í samstarfi við Vestmannaeyjabæ sem gengst fyrir gosloka hátíð þann sama dag. Sparisjóðurinn er með sína dagskrá um miðjan daginn og að þessu sinni var haft meira við, þar sem þess var minnst að 30 ár voru liðin frá lokum eldgossins í Heimaey. Dagurinn tókst í alla staði mjög vel.

Á árinu var sett upp klukka og hitamælir á hús Sparisjóðsins sem veitir honum aukna athygli.

Sem aldrei fyrr, í aukinni samkeppni þá fellst áherslan í starfsemi sparisjóðanna á að byggja upp langtímasambönd við viðskiptavinum og viðhalda þeim. Áherslan liggur sem fyrir í þjónustu við einstaklinga, fjölskyldur ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum sem byggir á trausti og trúnaði aðila. Þau eru fá atvinnufyrirtækin sem farið hafa af stað í Vestmannaeyjum á s.l. árum þar sem Sparisjóðurinn hefur ekki haft aðkomu hvort heldur er almenn atvinnustarfsemi,



í hefðbundnum sjávarútvegi eða áframeldi á þorski.

## AFKOMA OG REKSTUR SPARISJÓÐSINS

Rekstur Sparisjóðsins gekk með ágætum á árinu 2003. Árið var þriðja heila starfsár Sparisjóðsins Suðurlandi. Starfsemi útibúsins er á góðri leið með að skila framlegð sem styrkir rekstur heildarstarfseminnar. Sparisjóðurinn hefur vaxið með hverju árinu en innri vöxtur hans hefði orðið erfiður ef ekki hefði komið til stærra markaðssvæði. Með góðri afkomu styrkir Sparisjóðurinn stöðu sína í vaxandi samkeppni sem auðveldar honum að uppfylla kröfur sem til hans eru gerðar.

Hagnaður af rekstri Sparisjóðsins á árinu 2003 nam 151,4 milljónum króna fyrir skatta og 122,5 milljón króna að teknu tilliti til reiknaðs tekju- og eignarskatts. Til samanburðar var hagnaður ársins 2002 fyrir skatta 97,7 milljónir króna en 79,1 milljónir króna að teknu tilliti til skatta.

Heildarrekstrartekjur Sparisjóðsins á árinu námu 634,6 milljónum króna, sem skiptist í vaxtatekjur og verðbætur af útlánnum o.fl. 409,1 milljón króna og aðrar rekstrartekjur 225,5 milljónir króna. Stærsti liðurinn í öðrum rekstrartekjum er gengishagnaður verðbréfa.

Heildarrekstrargjöld Sparisjóðsins námu á árinu 404,5 milljónum króna, sem skiptist í vaxtagjöld og verðbætur af innlánnum, verðbréfum o.fl. 232,5 milljónir króna og önnur rekstrargjöld 172,0 milljónir króna. Stærstu liðir annarra rekstrargjalda eru laun og tengd gjöld sem námu 83,7 milljónum króna og annar almennur rekstrarkostnaður sem var 82,1 milljónir króna. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 5,8 milljónum króna.

Framlag í afskriftareikning útlána og matsbreytingar fjárfestingaverðbréfa nam 78,6 milljónum króna. Afskriftareikningur útlána stendur í 176,7 milljónum króna í árslok, sem er 5,9% af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum, en var 5,1% í árslok 2002.

## INNHLÁN

Heildarinnlán í Sparisjóðnum að meðtöldum seldum verðbréfum í árslok 2003 námu 3.156,9 milljónum króna en voru 3.133,7 milljónir króna í ársbyrjun og höfðu því aðeins hækkað um 0,7% á árinu. Innlánin skiptast þannig að 1.305,9 milljónir króna eða 41,4% eru óbundin innlán, 1.427,8 milljónir króna eða 45,2% eru bundin innlán og 423,2 milljónir króna eða 13,4% af heildarinnlánnum er seld verðbréf Sparisjóðsins. Bein innlán hækka um 12,1% en verðbréfaútgáfa var dregin saman um tæplega 40% m.a. vegna minni ásóknar í lánsfé.

Heildarinnlán hjá öllum sparisjóðum að meðtöldum seldum verðbréfum hækkuðu um 16,4% frá fyrra ári og voru í árslok 2003 um 138.471 milljón króna og eru því um 2,3% af heildarinnlánnum sparisjóðanna hjá Sparisjóði Vestmannaeyja sem er lítillaga lægra en árið áður, þar sem Sparisjóðurinn dró mjög úr verðbréfaútgáfu sinni. Af hreinum innlánnum eru um 2,6% hjá Sparisjóðnum.

## ÚTLÁN

Heildarútlán Sparisjóðsins í árslok námu 2.873,4 milljónum króna, en voru í upphafi árs 2.696,5 milljónir króna og höfðu því aukist á árinu um 6,6% en árið áður lækkuðu útlán um 2,4%.



**Sparisjóðurinn á tæplega 77% alls stofnfjár í Sparisjóði Hornafjarðar en hjá honum starfa 14 starfsmenn á Hornafirði og Djúpavogi.**

Sparisjóðurinn hefur þurft að leysa til sín eignir til að gæta hagsmuna sinna. Verðgildi fullnustueigna nam í árslok 34,5 milljónum króna. Aðallega er um að ræða tvö íbúðarhúsnæði og eitt atvinnuhúsnæði auk útistandandi krafna vegna fullnustueigna sem hafa verið innleystar og endurseldar. Uppboðum hefur farið fjölgandi á undanförunum árum, einstaklingar og atvinnustarfsemi í Vestmannaeyjum hefur ekki farið varhluta af erfiðleikum og ýmsir lent í þroti.

Útlán Sparisjóðsins til einstakra lánaflokka og atvinnugreina eru í nokkuð föstum skorðum og tóku ekki miklum breytingum á árinu. Ef útlán til viðskiptamanna eru sundurliðuð eftir útlánaformum námu yfirdráttarlán 604,9 milljónum króna eða 21,1% af heildarútlánnum. Afurða- og rekstrarlán námu 103,9 milljónum króna eða 3,6%. Víxlar námu 128,9 milljónum króna eða 4,5%. Skuldabréf námu 1.629,4 milljónum króna og var hlutfall þeirra af heildarútlánnum 56,7%. Erlend endurlán námu 382,2 milljónum króna eða 13,3%. Önnur útlán og innleystar ábyrgðir námu 24,2 milljónum króna eða 0,8%. Megin breytingin er að hlutfall yfirdráttarlána hækkar aftur eftir að hafa farið lækandi tvö undangengin ár og hlutfall erlendra endurlána lækkar annað árið í röð, hlutfall skuldabréfaútlána lækkar á kostnað annarra útlánsforma.

Ef útlánin eru flokkuð á einstaka lánaflokka og atvinnugreinar námu lán til sjávarútvegsins 749,3 milljónum króna eða 26,1% heildarútlána. Útlán til verslunar-, þjónustu- og annarar atvinnustarfsemi námu 488,6 milljónum króna eða 17,0%. Útlán til ríkis og sveitarfélaga voru 85,4 milljónir króna eða 3,0%. Langstærstu útlánaflökkarnir voru eins og áður til einstaklinga og húsnæðislán eða 1.550,2 milljónir króna sem gerir 53,9% af heildarútlánnum. Á árinu varð aðallega sú breyting að hlutfallslega lækka lán til sjávarútvegs og einstaklinga en aukast til annarra atvinnugreina og opinbera aðila.

Heildarútlán allra sparisjóða eru um 117.360 milljónir króna og höfðu hækkað lítillaga eða um 1,1% frá fyrra ári. Útlán Sparisjóðs Vestmannaeyja eru því um 2,5% af heildarútlánnum sparisjóðanna sem er óveruleg hækkan frá fyrra ári.

Vanskil einstaklinga og fyrirtækja hafa á fyrri árum verið að aukast í bankakerfinu, en á árinu 2003 varð viðstaða þó



ekki sé um marktæka lækkun að ræða. Sparisjóðurinn hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og hafa innheimtumál verið vaxandi í vinnuframlagi starfsmanna sjóðsins.

## MARKAÐSVERÐBRÉF OG EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM

Um áramótin var bókfært verð eignarhluta Sparisjóðsins í öðrum félögum 499,8 milljónir króna. Í veltubók voru 101,2 milljónir króna sem er bókfært á markaðsvirði. Fjárfestingahlutabréf voru bókfærð á 318,6 milljónir króna en markaðsvirði þeirra er um 142,6 milljónum herra. Hlutir í hlutdeildarfélögum voru bókfærðir á 80,0 milljónir króna. Helsta breytingin á árinu er aðkoma Sparisjóðsins að Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis (SpHorn).

Snemma á árinu komu upp þær aðstæður að Sparisjóðurinn fór að kanna aðkomu að SpHorn. Sá sparisjóður hafði starfað í um áratug en lent í erfiðleikum, fyrst og fremst vegna mikilla útlánatapa. Eftir athugun og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins um að Sparisjóður Vestmannaeyja væri hæfur til að eiga og fara með virkan eignarhlut í SpHorn, var tekin ákvörðun um að Sparisjóður Vestmannaeyja legði SpHorn til nýtt stofnfé 220 milljónir krónur og gengist í ábyrgð fyrir vijkandi lánum við innlaun á stofnfé annarra sparisjóða. Á fundi stofnfjáreigenda í SpHorn 13. ágúst 2003 var aðkoma Sparisjóðsins kynnt og voru formaður og varaformaður Sparisjóðs Vestmannaeyja kosnir í stjórn SpHorn. Gerður hefur verið rekstrar- og samstarfssamningur milli sparisjóðanna. Sparisjóðurinn á tæplega 77% alls stofnfjár í SpHorn. Hjá SpHorn starfa 14 starfsmenn á Hornafirði og Djúpavogi.

Á árinu keypti Sparisjóðurinn tæplega 5% hlut í Verðbréfastofunni hf. Einn annar sparisjóður er þar hluthafi með tæplega 8% hlut en félagið er að mestu í dreifri eigu einstaklinga.

Af fjárfestingahlutabréfum, fyrir utan SpHorn var mesta verðmætið í eignarhlut Sparisjóðsins í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. sem bókfærður er á 25,8 milljónir króna en var að markaðsverði um áramótin 168,4 milljónir króna. Óveruleg markaðsáhætta er því tengd hlutafé Sparisjóðsins í félaginu.

Af hlutdeildarfélögum var bókfært virði Sparisjóðsins mest í Sparisjóðabanka Íslands hf. eða 67,4 milljónir króna sem er 2,8% eignarhlutur í bankanum.

## EIGID FÉ

Bókfært eigið fé Sparisjóðsins í árslok nam 634,3 milljónum króna og hafði á árinu aukist um 122,5 milljónir króna eða 23,9%, sem er 20,6% umfram hækkun vísitölu neysluveruverðs sem hækkaði um 2,7% frá upphafi til loka ársins.

Eiginfjárlutfall Sparisjóðsins samkvæmt CAD reglum var í árslok 11,63% en var 12,76% í árslok árið áður. Lægst má eigið fé vera sem svarar til 8%. Við þennan útreikning er lagt til grundvallar vegin staða heildareigna og liða utan efnahagsreiknings út frá áhættugrunni á móti eigin fé samkvæmt reglum sem gilda um útreikning CAD hlutfalls. Sparisjóður Vestmannaeyja hefur ekki tekið vijkandi lán til að hækka CAD hlutfall samkvæmt fyrrgreindum útreikningi.

Umfang efnahagsreiknings Sparisjóðsins jókst um 210,6

milljónir kr. á árinu eða um 4,9%. Heildarfjármagn í árslok var 4.511,7 milljónir kr. til samanburðar 4.301,1 milljónir kr. í ársbyrjun. Eiginfjárlutfall, þ.e. eigið fé sem hlutfall af heildareignum var í árslok 14,1%.

## STYRKIR TIL ÍPRÓTTA- OG MENNINGARMÁLA

Að veltu veitti Sparisjóðurinn framlög og styrki til íþróttar- og menningarmála á starfssvæði sínu. Heildarfjárhæð þeirra nam um 3,8 milljónum króna á árinu 2003.

Sú venja hefur skapast að á Þorláksmessu eru veitt framlög úr Styrktar- og menningarsjóði Sparisjóðsins. Á árinu var ekki brugðið út af og veitt úr sjóðnum í sextánda skiptið. Að þessu sinni fengu Leikfangasafn Vestmannaeyja og Athvarfið framlög í tilefni flutnings beggja þessara stofnana í nýtt húsnæði, Þórsheimilið við Hamarsveg. Skjalasafn Vestmannaeyja fékk styrk sem aðallega er ætlaður til skráningar, frágangs og flokkunar á skjalasafni Þorsteins Þ. Víglundssonar eins af stofnendum og fyrsta sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Vestmannaeyja. Á árinu 2002 lagði Sparisjóðurinn Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja - VISKU til stofnframlag, nú ákvað Sparisjóðurinn að veita VISKU viðurkenningu og dálítinn stuðning til að efla og standa fyrir námskeiðum sem tengjast menningu, sögu og annarri almennri fræðslu. Nú er kominn út geisladiskur og bók með efni eftir Ástgeir Ólafsson sem ætíð var nefndur Ási í Bæ í tilefni þess að í febrúar s.l. voru liðin 90 ár frá fæðingu hans. Héraðs- og skjalasafn Vestmannaeyja verða afhent frumgögn útgáfunnar til varðveislu. Sparisjóðurinn lagði sitt af mörkum til að gera þessa útgáfu mögulega.

"Stóra upplestrarkeppnin" er haldinn árlega fyrir forgöngu Menntamálaráðuneytisins, þar sem öllum nemendum 7. bekkja grunnskóla landsins er boðin þátttaka. Sparisjóðirnir standa að þessu framtaki ásamt ráðuneytinu. Keppnin í ár er sú fimmta sem fram fer í Vestmannaeyjum. Sparisjóðurinn veitir þrenn peningaverðlaun á hverjum stað þar sem keppnin fer fram á starfssvæði hans.

Þá var ekki brugðið út af því að Sparisjóðurinn veitti sérstakar viðurkenningar við útskrift nemenda í Framhaldsskólanum og í efstu bekkjadeild grunnskólanna fyrir góðan árangur í íslensku.

Það er hluti af stefnu Sparisjóðsins að styðja og styrkja íþróttar-, menningar- líknarfélög á starfssvæði sínu og fer



Sú venja hefur skapast að á Þorláksmessu eru veitt framlög úr Styrktar- og menningarsjóði Sparisjóðsins. Á árinu var ekki brugðið út af og veitt úr sjóðnum í sextánda skiptið.



Þessum styrkjum fjölgandi og þau eru ekki mörg félögin á starfssvæðinu sem ekki njóta.

## **SAMSTARFSVETTANGUR OG STAÐA SPARISJÓÐANNA**

Grunneiningarnar í samstarfi sparísjóðanna eru Sparísjóðabankinn, Tölvumiðstöð sparísjóðanna, Tryggingasjóður sparísjóðanna og Samband íslenskra sparísjóða.

Sparísjóðabankinn er nokkurs konar seðlabanki sparísjóðanna. Hann er bakhjarl þeirra með það að markmiði að auka rekstrarhagkvæmni og styrkja samkeppnishæfni á fjármálamarkaði.

Tölvumiðstöðin vinnur sem tæknilegur ráðgjafi einstakra sparísjóða og er samræmingaraðili þeirra í tölvumálum. Hún er jafnframt hluti af tæknideild hvers sparísjóðs.

Hlutverk Tryggingasjóðs er lögbundið og eru allir sparísjóðir aðilar að honum. Sjóðnum er ætlað að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og í því skyni fjárhagslegt öryggi sparísjóða.

Samband íslenskra sparísjóða er heildarsamtök sparísjóðanna á Íslandi og annast hagsmunagæslu þeirra og ýmis sameiginleg mál. Á vegum sambandsins hafa verið unnar tillögur að stefnumótun fyrir sparísjóðina til næstu framtíðar og voru þær samþykktar af fulltrúaráði Sambandsins í nóvember s.l.

Stefnumótunin veitir innsýn í framtíðarstefnu sparísjóðanna. Megingildi stefnunnar eru að veita bankaþjónustu, verðbréfaþjónustu, fjármögnun með kaup- og eignaleigu og tryggingaþjónustu. Áður hefur komið fram að sparísjóðirnir hafa selt frá sér meirihluta eða að öllu leiti félög sem önnuðust þessa þjónustu aðra en bankaþjónustuna. Það er þó ekki nauðsynlegt að eiga þau félög sem annast þessa þjónustu í nafni sparísjóðanna. Sjóðirnir geta keypt þessa þjónustu í nokkurs konar "heildsölu" og endurselt sem samkynja vöru undir sínum merkjum. Að þessari uppbyggingu er nú unnið hjá sparísjóðunum, þeir munu verða eftir sem áður sýnilegir á íslenskum fjármálamarkaði undir merkjum fjögurra blaða smárans.

Sparísjóðunum hefur ekki auðnast að standa saman í öllum þáttum starfseminnar þó allir standi þeir að meginstöðunum. Stærsti sparísjóðurinn hefur m.a. dregið sig út úr sameiginlegu markaðsstarfi, en vonandi tímabundið. Hann kom heldur ekki að vinnu við lokafrágang stefnumótunarinnar á s.l. ári. Lykillinn að áframhaldandi og aukinni farsæld sparísjóðanna er samstarf, í því liggur gæfa þeirra.

## **SAMKEPPNIS- OG LAGAUMHVERFI SPARISJÓÐANNA**

Í síðustu ársskýrslu var fjallað um samkeppni á bankamarkaði og m.a. komið inn á það sjónarmið viðskiptabankanna að aukin markaðshlutdeild á innanlandsmarkaði væri gegnum sparísjóðina. Þetta kom í ljós á haustdögum þegar stjórnendur SPRON gerðu samkomulag við Kaupþing Búnaðarbanka um að bankinn myndi kaupa hlutafé í sparísjóðnum þegar honum hefði verið breytt í hlutafélag og rekstrarlegt samstarf væri milli

bankans og sparísjóðsins. Hinir viðskiptabankarnir settu sig í samband við Sparísjóðinn nánast um hæl og lýstu áhuga á samstarfi.

Á árinu 2002 var sett ný heilstæð löggjöf um fjármálafyrirtæki sem leysti af hólmi nokkur eldri lög um fjármálafyrirtæki. Í þessari löggjöf var m.a. ákvæði sem átti að koma í veg fyrir fjandsamlega yfirtöku á sparísjóðunum. Seint á s.l. ári gerðu SPRON og Kaupþing Búnaðarbanki hf. - nú KB banki hf. með sér samkomulag um að bankinn myndi kaupa allt hlutafé í sparísjóðnum þegar honum hefði verið breytt í hlutafélag. Samkomulagið kvað á um að verðgildi stofnfjár sparísjóðsins myndi 5-6 faldast með sölu til KB bankans en annað eigið fé sparísjóðsins sem yrði eign sjálfseignastofnunar myndi tæplega tvöfaldast við söluna. Eftir miklar umræður varð niðurstaðan sú að Alþingi greip inni og samþykkti lög þess efnis að eftir að stofnfjáreigendur hefðu breytt stofnfé sínu í hlutafé færu þeir ekki lengur með stjórn sjálfseignastofnunarinnar sem færi með annað eigið fé sparísjóðsins heldur yrði stjórn hennar falin öðrum. Þannig gátu þeir ekki selt sinn eignarhlut með öðrum hætti en eign sjálfseignastofnunarinnar og var þá talið að forsenda þessa samnings milli sparísjóðsins og bankans hefði brostið. Samband íslenskra sparísjóða fór yfir þetta mál og taldi að nauðsyn væri að breyta löggjöfinni til að styrkja yfirtökuvarnir sparísjóðanna án þess að setja sig upp á móti samningi SPRON og KB banka hf., heldur væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir keðjuverkun og fjandsamlega yfirtöku á öðrum sparísjóðum.

## **STARFSMENN OG STOFNFJÁREIGENDUR**

Á árinu störfuðu 19 starfsmenn hjá Sparísjóðnum við bankastörf. Í Vestmannaeyjum störfuðu 15 og 4 á Selfossi. Heildarlaunagreiðslur námu 63,9 milljónum króna, þar af voru laun og þóknarir sparísjóðsstjóra og stjórnar vegna starfa í þágu Sparísjóðsins 11,1 milljón krónur á árinu 2003.

Stofnfjáreigendur í Sparísjóði Vestmannaeyja eru 70 talsins í árslok sem er óbreytt frá fyrri árum. Heildarstofnfé í árslok 2003 er 1.540.000 krónur og fara allir stofnfjáreigendur með jafnan hlut.



Á árinu störfuðu 19 starfsmenn hjá Sparísjóðnum við bankastörf. Í Vestmannaeyjum störfuðu 15 og 4 á Selfossi. Hér má sjá hluta af starfsfólki Sparísjóðsins í Vestmannaeyjum.





# LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

	2003	2002	2001	2000	1999
<b>Rekstur</b>					
Vaxtatekjur .....	409.121	439.098	477.739	356.816	292.492
Vaxtagjöld .....	( 232.519)	( 250.550)	( 330.424)	( 217.478)	( 186.301)
Hreinar vaxtatekjur	176.602	188.548	147.315	139.338	106.191
Aðrar rekstrartekjur .....	225.506	105.512	65.543	70.102	83.293
Hreinar rekstrartekjur	402.108	294.060	212.858	209.440	189.484
Önnur rekstrargjöld .....	( 172.030)	( 157.275)	( 136.539)	( 114.253)	( 93.822)
Framlag til afskr.reikn. útlána og matsbr. ....	( 78.643)	( 39.113)	( 29.879)	( 44.933)	( 47.528)
Hagnaður fyrir skatta	151.435	97.672	46.440	50.254	48.134
Skattar .....	( 28.935)	( 18.579)	49	( 18.284)	( 10.468)
Óregluleg gjöld .....					( 19.305)
Hagnaður ársins	122.500	79.093	46.489	31.970	18.361
<b>Efnahagur</b>					
Sjóður og bankainnstæður .....	763.688	900.216	181.065	273.878	336.307
Útlán .....	2.908.045	2.751.529	2.825.698	2.415.307	2.068.239
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum .....	691.429	500.629	812.637	512.389	513.472
Aðrar eignir .....	148.548	148.719	159.314	151.479	118.733
Eignir alls	4.511.710	4.301.093	3.978.714	3.353.053	3.036.751
Skuldir við lánastofnanir .....	535.900	510.160	629.830	578.638	495.219
Innlán .....	2.733.702	2.439.656	2.086.787	1.635.024	1.515.739
Lántaka (verðbréfaútgáfa) .....	423.203	694.012	669.966	636.421	570.260
Aðrar skuldir .....	64.721	58.086	83.177	51.623	69.908
Reiknaðar skuldbindingar .....	119.858	87.325	76.181	87.296	71.362
Eigið fé .....	634.326	511.854	432.773	364.051	314.263
Skuldir og eigið fé alls	4.511.710	4.301.093	3.978.714	3.353.053	3.036.751
<b>Kennitölur</b>					
Arðsemi eigin fjár .....	23,9 %	18,3 %	12,8 %	10,2 %	6,4 %
Eigið fé sem hlutf. af niðurst. efnah. ....	14,1 %	11,9 %	10,9 %	10,9 %	10,3 %
Eiginfjárhlutfall CAD .....	11,6 %	12,8 %	10,0 %	10,2 %	11,7 %
Hlutfall rekstrarkostn. af hreinum rekstrart. ....	42,8 %	53,5 %	64,1 %	54,6 %	49,5 %
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns ..	3,9 %	4,4 %	4,0 %	4,2 %	3,9 %
<b>Hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings</b>					
Vaxtatekjur .....	9,1 %	10,2 %	12,0 %	10,6 %	9,6 %
Vaxtagjöld .....	5,2 %	5,8 %	8,3 %	6,5 %	6,1 %
Hreinar vaxtatekjur .....	3,9 %	4,4 %	3,7 %	4,2 %	3,5 %
Aðrar rekstrartekjur .....	5,0 %	2,5 %	1,6 %	2,1 %	2,7 %
Önnur rekstrargjöld .....	3,8 %	3,7 %	3,4 %	3,4 %	3,1 %
Framlag í afskriftareikning útlána .....	1,7 %	0,9 %	0,8 %	1,3 %	1,6 %
Hagnaður ársins .....	2,7 %	1,8 %	1,2 %	1,0 %	0,6 %
<b>Aðrar upplýsingar</b>					
Breyting útlána .....	5,7 %	( 2,6 %)	17,0 %	16,8 %	26,4 %
Breyting innlána og lántöku .....	0,7 %	13,7 %	21,4 %	8,9 %	16,0 %
Hækkun eigin fjár frá fyrra ári .....	23,9 %	18,3 %	18,9 %	15,8 %	10,2 %
Hækkun efnahagsreiknings .....	4,9 %	8,1 %	18,7 %	10,4 %	23,5 %
